

FÉLAGSLÖG

Félagsslög á aðalfundi NOFOD hinn 8. janúar 1983

§ Hlutverk

Norrænn samstarfsvettvangur um dansrannsóknir (Nordisk Forum for Danseforskning)

NOFOD hefur það hlutverk að hvetja til samvinnu meðal norrænna dansfræðinga með því m.a. að

- skipuleggja ráðstefnur og námskeið
- efla þróunarvinnu og rannsóknir á dansi
- örva samstarf á öllum sviðum dansrannsókna
- stuðla að dreifingu upplýsingum og útgáfu á dansrannsóknum.

§2 Aðsetur

Heimili NOFOD fylgir aðsetri formanns stjórnar. Stjórnin ákveður hvar skrifstofu NOFOD er fundinn staður.

§3 Félagar

Félagsaðild er einstaklingsbundin og allir sem áhuga hafa á dansrannsóknum geta gerst félagar. Aðild telst gild við greiðslu fyrsta félagsgjalds. Stofnanir og félög sem óska eftir að gerast aðilar hafa sama rétt og einstakir félagar.

§4 Félagsgjöld

Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi.

§5 Aðalfundur

Aðalfundur skal, ef unnt er, haldinn í sambandi við ráðstefnur eða námskeið
Aðalfundur skal halda ekki oftari en einu sinni á ári og ekki sjaldnar en fjórða hvert ár.

Stjórnin boðar skriflega hvern féлага til aðalfundur með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Félagar sendi tillögur um mál sem þeir óska eftir að fjallað sé um á aðalfundi með minnst sex vikna fyrirvara. Dagskrá skal send til féлага í síðasta lagi þremur vikum fyrir aðalfund.

Á dagskrá aðalfundar skal vera:

- skýrsla um starfsemina frá síðasta aðalfundi
- endurskoðaðir reikningar
- stjórnarkjör
- kosning tveggja endurskoðenda og tveggja varaendurskoðenda
- mál sem annað hvort er nauðsynlegt eða óskað er eftir að fjallað sé um.

Til aukaaðalfundar skal boðað ef minnst 1/3 félagsmanna í minnst þremur löndum óska þess.

§6 Stjórn

Stjórn skipa allt að tveir fulltrúar frá hverju hinna norrænu landa. Fulltrúar landanna skulu kosnir á aðalfundi.

Kkosningin gildir til næsta aðalfundar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs formann, varaformann og gjaldkera á fyrsta fundi sínum. Valið skal tilkynnt félagsmönnum skriflega. Stjórnin er ákvörðunarhæf ef minnst fulltrúar þriggja landa eru viðstaddir.

Ef stjórnarmaður hverfur úr stjórn á tímabilinu ber stjórninni að fela viðkomandi landi að tilnefna nýjan stjórnarmann.

§7 Atkvæðisréttur og ákvörðunartaka

Allir þeir sem hafa verið félagar í minnst tvo mánuði hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Félagar geta framselt skriflega atkvæðisrétt sinn ef þeir geta ekki verið viðstaddir aðalfund. Hver einstaklingur á aðalfundi getur þó aðeins haft umboð fyrir einn annan féлага.


Einfaldur fleirhluti fundarmanna nægir til að samþykkja venjulegar ákvarðanir og kosningar aðalfundar. Breytingar á samþykktum félagsins öðlast þó ekki gildi nema

3/4 hluti viðstaddra á aðalfundi samþykki þær.

§8 Fjármál

reikningar hvers almanakárs skulu liggja fyrir innan fyrsta ársfjórðungs nást árs og enn fremur í sambandi við aðalfundi. Endurskoðendur flytja skýrslu sína á aðalfundi.

§9 Slit



Aðalfundur getur ákveðið að slíta samstarfsvettvanginum. til þess þarf minnst 3/4 hluta atkvæða þeirra félagsmanna sem sitja aðalfundinn. Ef það gerist skal aðalfundur velja eina norræna stofnun eða fleiri með skyld hlutverk til að yfirtaka eignir NOFOD.